



Minnisblað - 2003004

Til: Sveitarstjórnar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: *Starf vinnuhóps vegna sameiningar sveitarfélaga.*

Dags.: 12.08.2020

Vinnuhóp skipa Eyjólfur Ingvi Bjarnason oddviti, Skúli Guðbjörnsson formaður byggðarráðs og Kristján Sturluson sveitarstjóri. Með hópnum starfar Jóhanna María Sigmundsdóttir verkefnastjóri.

Vísað er til minnisblaðs dags. 13.05.2020 sem lagt var fram á 192. fundi sveitarstjórnar 14.05.2020 (dagskrárliður 28) og bréfs frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um styrk að upphæð kr. 4.400.000 sem lagt var fram á 193. fundi sveitarstjórnar 22.06.2020 (dagskrárliður 42).

- 15. júlí var sent erindi á fjóra aðila um aðkomu að valkostagreiningu. Þrír svöruðu erindinu: KPMG, RR ráðgjöf og Ráðrík ehf.
- 23. júlí fundaði vinnuhópur og fór yfir tillögur frá KPMG, RR ráðgjöf og Ráðrík ehf. Niðurstaða var að ganga til samninga við RR ráðgjöf.
- 10. ágúst fundaði vinnuhópur með RR ráðgjöf þar sem farið var yfir verklagið og ákveðið að boða til vinnustofu með sveitarstjórn og formönnum nefnda 24. ágúst nk. Búið er að boða fundinn.

Næstu skref

- Vinnustofa I með sveitarstjórn og formönnum nefnda (sett 24. ágúst). Þar verður farið yfir lagaumhverfi, algengt verklag og umræður um áherslur og mögulega sameiningarkosti.
- Vinnustofa II með sveitarstjórn, nefndarmönnum og fl. til að útbúa SVÓT-greiningu (Styrkleikar – Veikleikar – Ógnanir – Tækifæri).
- Íbúafundur haldinn þar sem leitað verður eftir sjónarmiðum íbúa. Mikilvægir þættir greindir út frá þeim fundi.
- Vinnustofa III með sveitarstjórn þar sem niðurstöður vinnunnar verða dregnar saman.
- Skilafundur þar sem minnisblað um valkostagreiningu verður lagt fram.
- Miða þarf tímaáætlun við veðurfar og heimsfaraldur en þegar þetta er skrifað er áætlað að skýrsla um valkostagreiningu verði tilbúin fyrir páska/apríl 2021.

Um RR ráðgjöf

RR ráðgjöf er ráðgjafafyrirtæki með sérþekkingu á stjórnsýslu, rekstri og málefnum sveitarfélaga. Fyrirtækið sinnir verkefnum sem varða stjórnsýslu, stjórnun, rekstur og stefnumótun. RR ráðgjöf sérhæfir sig í að aðstoða sveitarfélög og hefur mikla þekkingu og reynslu af því að vinna með sveitarfélögum í sameiningarviðræðum. Fyrirtækið hefur unnið að öllum stigum sameiningar sveitarfélaga, allt frá því að greina valkosti og yfir í að innleiða sameiningu eftir að íbúar hafa samþykkt.